

165 inni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

20. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Suðurlýr.

22. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál. Með reglugerð þessari er úr gildi felld samþykkt fyrir Lendingarsjóð Súgfirðinga frá 14. apríl 1914 ásamt breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 13. janúar 1938, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

166

11. sept.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um verðreikning vara, sem verðlagsnefnd hefir sett eða setur hámarksverðlagningu á, sbr. augl. í Lögbirtingabl. nr. 21 31. marz 1939.

Orðið „vátrygging“ í upptalningu þeirra kostnaðarliða, sem telja má í kostnaðarverði vara áður en álagning er reiknuð, falli niður, og í staðinn komi: sjóvátrygging og stríðsvátrygging.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.